



**Handbók fyrir nemendur í grunnámi
hjúkrunarfræðideildar
Háskóla Íslands**

Skólaárið 2011-2012

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	3
UM HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD	4
EIRBERG	4
Bílastæði	5
Verknámsstofa	5
Lesstofur	5
Tölvuver	5
Bókasafn	5
STJÓRNSKIPULAG DEILDAR	6
Deildarfundir	6
Deildarráð	6
Deildarforseti	6
Nefndir deildarinnar	6
Námsnefndir	6
Námsmatsnefnd	7
Hússtjórn	7
Alþjóðanefnd	7
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR	7
Uglan	7
Skráning stúdenta	7
Stundaskrár	7
PRÓF	8
Samkeppnispróf á haustmisseri fyrsta árs	8
Fjöldatakörkun og réttur til áframhaldandi náms á vormisseri 1. árs skólaárið 2010-2011	8
Reglur um val stúdenta til BS náms í hjúkrunarfræði	8
Reglur um framkvæmd prófa á fyrsta misseri í hjúkrunarfræði	9
Próftökuréttur	9
Skráning í próf	9
Próftafla og tímabil	9
Framkvæmd prófa	10
Próftaka erlendra nemenda	10
Veikindi í prófum	10

Einkunnir.....	10
Prófsýningar.....	11
Prófdómari og réttur stúdenta til að fá útskýringar.....	11
ÝMSAR UPPLÝSINGAR.....	11
Brautskráning.....	11
Verklegt nám	11
REGLUR HJÚKRUNARFRÆÐIDEILDAR.....	12
Almennar reglur.....	12
Reglur um mat á fyrra námi	13
Reglur um endurinnritun	13
Samantekt um ákvæði varðandi tvíföll og endurinnritun	14
Beiðnir um undanþágur	14
Hámarksnámstími	14
Námsleyfi	14
Reglur um endurtöku klíníks náms.....	15
Reglur um frádrátt varðandi verkefnaskil	15
Reglur um starfsreynslu	15
Reglur um skyndihjálparnámskeið og endurlífgun.....	15
Reglugerð Hjúkrunarfræðideildar	15
98. gr. Námsframvinda, námsmat, einkunnir og hámarksnámstími.....	16
RANNSÓKNASTOFNUN Í HJÚKRUNARFRÆÐI.....	18
CURATOR, FÉLAG HJÚKRUNARFRÆÐINEMA	18

FORMÁLI

Kæri nemandi

Velkomin(n) til náms við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands!

Í þessari handbók hafa verið teknar saman ýmsar hagnýtar upplýsingar um Hjúkrunarfræðideild. Gerð er grein fyrir sögulegri þróun náms við deildina og aðstöðu í Eirbergi. Fjallað eru um stjórnskipulag deildarinnar, starfsemi hennar og þjónustu. Að auki er greint frá ýmsum reglum er gilda um nám í hjúkrunarfræði.

Gagnlegar upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu hjúkrunarfræðideildar (www.hjukrun.hi.is) og heimasíðu Háskóla Íslands (www.hi.is). Þar hafa nemendur aðgang að reglum og ýmsum hagnýtum upplýsingum sem koma að góðum notum í náminu. Einnig er bent á kennsluskrá Háskólans (www.kennsluskra.hi.is).

Við hvetjum þig til að kynna þér vel efni þessarar handbókar. Ef eitthvað er óljóst þá skaltu leita til skrifstofu Hjúkrunarfræðideildar.

Guðrún Kristjánsdóttir, deildarforseti og Sunna Sigurðardóttir, deildarstjóri.

UM HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Með tilkomu nýs stjórnskipulags Háskóla Íslands sem tók gildi 1. júlí 2008 urðu til fimm fræðasvið innan skólans og tilheyrir Hjúkrunarfræðideild heilbrigðisvísindasviði. Hjúkrunarfræðideild var stofnuð árið 2000 en hafði fram að því verið námsbraut í hjúkrunarfræði og var í tengslum við Læknadeild. Hjúkrunarfræðideildin er ung deild en saga hjúkrunar- og ljósmóðurstarfa á Íslandi og jafnframt nám þessara starfsstétta á sér langa sögu. Nám í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands hófst árið 1973 en fram til ársins 1986 var einnig nám í hjúkrun við Hjúkrunarskóla Íslands. Frá árinu 1986 hefur nám í hjúkrunarfræði á Íslandi einvörðungu verið kennt á háskólastigi. Menntun ljósmæðra færðist frá Ljósmæðraskóla Íslands til námsbrautar í hjúkrunarfræði árið 1996. Með því að færa hjúkrunar- og ljósmæðramenntun á háskólastig varð veruleg breyting á námi þessara starfsstétta hér á landi og hefur Hjúkrunarfræðideild (námsbraut í hjúkrunarfræði) jafnan verið í fremstu röð hvað varðar grunnmenntun hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á Vesturlöndum.

Líkt og með aðrar deildir innan Háskólans tekur Hjúkrunarfræðideild mið af vísinda- og menntastefnu Háskóla Íslands. Hjúkrunar- og ljósmóðurfræði eru starfsmiðaðar fræðigreinar og nemendur sem brautskrást þurfa að hafa til að bera þekkingu og færni sem er nauðsynleg til að geta veitt faglega og örugga hjúkrunar- og ljósmóðurþjónustu sem miðar að andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði.

Nám við deildina er vegið í einingum og telst eins árs nám 60 ECTS einingar. Við deildina er boðið upp á eftirfarandi námsleiðir:

- BS-nám í hjúkrunarfræði (240 einingar)
- Ljósmóðurfræði (120 einingar)
- Diplómanám á meistarastigi (60-80 einingar)
- Meistaránám í hjúkrunarfræði (120 einingar)
- Meistaránám í ljósmóðurfræði (55 einingar)
- Þverfræðilegt meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum (120 eða 180 einingar)
- Diplómanám á meistarastigi í svefn- og skurðhjúkrun
- Doktorsnám í hjúkrunarfræði (180 einingar)

EIRBERG

Hjúkrunarfræðideild er til húsa í Eirbergi, Eiríksgötu 34, 101 Reykjavík. Við deildina starfar um þrjátíu fastráðinir kennarar auk fjölda stundakennara. Skrifstofur kennara eru á 2. og 3. hæð í Eirbergi. Deildarskrifstofan er staðsett á 1. hæð í Eirbergi. Á skrifstofunni starfa fimm einstaklingar og gegna þar ólíkum störfum. Sinna þeir meðal annars umsýslu við grunn- og framhaldsnám, þjónustu við nemendur og kennara og almennri upplýsingagjöf. Til skrifstofunnar eru nemendur hvattir til að leita með fyrirspurnir og ábendingar. Björk Bjarkadóttir er verkefnisstjóri grunnnáms (bjork@hi.is) og svarar hún fyrirspurnum um BS nám og námsframvindu. Deildarstjóri, Sunna Sigurðardóttir, er til viðtals milli kl. 10:00 og 12:00 og 13:00 til 15:00 frá mánudegi til fimmtudags eða samkvæmt samkomulagi og eru nemendur vinsamlegast beðnir um að panta tíma á skrifstofu eða í tölvupósti (sunnas@hi.is). Viðtalstími deildarforseta Guðrúnar Kristjánsdóttur (gstjork@hi.is) og kennara er samkvæmt samkomulagi í tölvupósti.

Ýmsar upplýsingar um Eirberg og starfsemi þar:

- Eirberg er opið frá kl. 7:30-17:00 virka daga.
- Opnunartími deildarskrifstofunnar er kl. 10:00 til 12:00 og frá kl. 12:30 til 14:00 alla virka daga. Sími skrifstofunnar er 525-4960 og netfangið er hjukrun@hi.is.
- Umsjónarmaður sér um að opna og loka húsinu og hefur umsjón með viðhaldi húsmuna og tækja. Aðsetur umsjónarmanns er í herbergi á 2. hæð. Viðverutími hans þar er óreglulegur. Netfang hans er retargu@hi.is og síminn er 525-4962 og 899-3437.

- Lesstofur nemenda eru á 2. hæð. Um umgengni í lesstofum gilda sérstakar reglur sem auglýstar eru þar.
- Kaffistofa rekin af Félagsstofnun stúdenta er á 1. hæð og er hún opin á meðan kennslu stendur á milli kl. 9:00 og 15:30. Umsjón með henni hefur Ágústa Sigurjónsdóttir.
- Við skipulag á félagsstarfi stúdenta í Eirbergi skal hafa samráð við umsjónarmann í Eirbergi eða deildarstjóra.
- Eirberg er reyklaus vinnustaður og neysla áfengis er ekki leyfð í húsinu.

Bílastæði

Nemendum er góðfúslega bent á að óheimilt er að leggja bílum á bílastæði við aðalinngang Eirbergs (í skeifunni). Þeim er þess í stað bent á að nota bílastæði sem eru sunnan við gömlu Hringbraut.

Verknámsstofa

Kennsluaðstaða fyrir verklega kennslu og sýnikennslu í hjúkrunarfræði er í kjallara Eirbergs. Deildarstjóri hennar sér um skipulag verklegrar kennslu og niðurröðun í hópa. Stofan er líka opin á ákveðnum tímum til sjálfsnáms nemenda og eru þeir tímar auglýstir á auglýsingatöflu við stofuna. Deildarstjóri verknámsstofu er Margrét Sigmundsdóttir. Hún hefur skrifstofu á 3. hæð í Eirbergi. Símanúmer hennar er 525-4996 og netfangið er margsigm@hi.is. Símanúmer í verknámsstofu er 525-4964.

Lesstofur

Lesstofur fyrir BS-nemendur í Hjúkrunarfræðideild eru á 2. hæð í Eirbergi. Lesstofurnar eru opnar á sama tíma og Eirberg. Ekki er heimilt að taka frá borð í lesstofunum. Sérstakar reglur gilda um umgengni í lesstofunum, sem hanga uppi í hverri stofu. Á 2. hæð hafa BS nemar aðgang að eldhúsaðstöðu.

Einnig er bent á lista yfir allar lesstofur Háskólans í kennsluskrá. Reynt er að útvega nemendum aðstöðu í Eirbergi til að vinna að hópverkefnum meðan húsrúm leyfir. Sérstaklega á þetta við um hópa sem vinna að lokaverkefnum. Allar slíkar óskir þarf að bóka á skrifstofu deildarinnar **í hvert sinn**.

Tölvuver

Reiknistofnun Háskólans sér um rekstur tölvuvers sem nemendur hafa aðgang að. Þar er einnig prentari. Nemendur deildarinnar geta einnig notað önnur tölvuver Háskólans. Nánari upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar er að finna í kennsluskrá Háskólans og á [vefsíðu Reiknistofnunar](#). Á vefsíðu Reiknistofnunar er að finna margvíslegar gagnlegar upplýsingar og leiðbeiningar sem nemendur þurfa að kynna sér, t.d. um notendanöfn, tölvupóst, innhringisamband, útprentun o.fl.

Bókasafn

Nemendur og kennarar Hjúkrunarfræðideildar hafa aðgang að þjónustu Bókasafns og upplýsingamiðstöðvar Landspítala og hefur verið gerður sérstakur samstarfssamningur milli deildarinnar og bókasafnsins. Nemendur finna sjálfir greinar úr tímaritum sem eru á safninu og ljósrita á sinn kostnað. Deildin greiðir millisafnalán fyrir nemendur sem vinna að lokaverkefni sem er hluti af rannsóknarverkefni leiðbeinanda, liggja fyrir samþykki leiðbeinanda. Nemendur deildarinnar hafa einnig aðgang að Landsbókasafni - Háskólabókasafni í Þjóðarbókhöllu.

STJÓRNSKIPULAG DEILDAR

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta. Á [heimasíðu hjúkrunarfræðideildar](#), [hjukrun.hi.is](#) má lesa um skipan í nefndir og ráð fyrir hvert ár í senn.

Deildarfundir

Deildarfundur fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum sem deild er bær að taka ákvörðun um. Á deildarfundum eiga sæti fastráðnir kennarar deildarinnar og fulltrúar stúdenta, kjörnir af nemendafélögum þeirra, og er fjöldi þeirra ákveðinn í samræmi við reglugerð Háskólans. Deildarfundur kýs deildarforseta til tveggja ára í senn úr hópi prófessora og dósenta deildarinnar sem gegna fullu starfi við deildina. Deildarfundir koma að jafnaði saman fjórum sinnum á ári, í september/október, desember, febrúar og júní. Deildarfundir taka stefnumarkandi ákvarðanir um rekstur og stefnu deildarinnar.

Deildarráð

Deildarráð fer með daglega stjórnun deildarinnar og fjallar m.a. um erindi frá stúdentum í samræmi við gildandi reglur. Það hefur umsjón með gerð kennsluskrár í samráði við kennara og sér um samræmingu kennslu og prófa. Deildarráð gerir tillögur að fjárhagsáætlunum og ákvarðar skiptingu almenns tækjakaupafjár. Deildarráð fundar að jafnaði tvisvar á mánuði yfir skólaárið. Fram kemur í atburðaalmanaki Hjúkrunarfræðideildar hvenær deildarráðsfundir eru haldnir. Atburðaalmanakið er á heimasíðu deildarinnar.

Í deildarráði eiga sæti deildarforseti, varadeildarforseti, þrjú aðrir fastráðnir kennarar deildarinnar og tveir fulltrúar stúdenta kjörnir af þeim úr hópi fulltrúa stúdenta sem sæti eiga á deildarfundum. Deildarstjóri er ritari deildarráðs.

Deildarforseti

Deildarfundur kýs deildarforseta til tveggja ára í senn úr hópi prófessora og dósenta deildarinnar sem gegna fullu starfi. Deildarforseti boðar deildarráðs- og deildarfundir og stýrir þeim. Hann stýrir daglegri starfsemi deildarinnar og hefur umsjón með starfsemi deildarinnar í umboði deildarfundar og forseta fræðasviðs. Hann situr í stjórn sviðsins og stýrir fundum deildarráðs. Hann er faglegur forystumaður deildar og ber í samráði við forseta fræðasviðs ábyrgð á mótun stefnu fyrir deild, skipulagi náms og gæðum kennslu og rannsókna, tengslum við samstarfsaðila og á því að starfsemi deildar og starfseininga hennar sé í samræmi við fjárhagsáætlun fræðasviðsins.

Nefndir deildarinnar

Við deildina eru starfandi fjölmargar nefndir sem kosið er í fyrir hvert misseri. Á [heimasíðu hjúkrunarfræðideildar](#) má lesa um skipan í nefndir og ráð fyrir hvert misseri í senn.

Námsnefndir

Í 23. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands segir að hverri deild sé heimilt að starfrækja ráðgefandi námsnefnd sem jafnmargir kennarar og stúdentar eiga sæti í. Kennarar og stúdentar kjósa fulltrúa hvorir í sínu lagi í upphafi hvers kennslusárs. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um tillögur um námsefni í hverri kennslugrein, semja umsagnir og tillögur um námsskipan og kennslufyrirkomulag greinarinnar. Deildir ákvarða nánar um fjölda námsnefnda og hlutverk þeirra. Í Hjúkrunarfræðideild eru starfandi eftirtaldar námsnefndir:

- Námsnefnd grunnnáms í hjúkrunarfræði
- Námsnefnd í ljósmóðurfraði

- Rannsóknanámsnefnd (fyrir framhaldsnám)

Allar þessar námsnefndir gera tillögur að breytingum á kennsluskrá þess náms sem þær fjalla um. Auk þess tekur námsnefnd í ljósmóðurfræði ákvörðun um val nemenda til náms í ljósmóðurfræði.

Námsmatsnefnd

Námsmatsnefnd leggur mat á umsóknir um fyrra nám hjúkrunarfræðinga og annarra nemenda og hvort það verði metið til styttingar á námi þeirra til BS-gráðu. Nefndin fjallar einnig um umsóknir um innritun er varða undanþágur frá inntökuskilyrðum.

Hússtjórn

Hússtjórn starfar í umboði rektors. Hún setur húsreglur og hefur samstarf við umsjónarmann Eirbergs um mál er varða daglega umgengni, ræstingu o.þ.h. Hússtjórn kemur óskum um lagfæringar á húsnæðinu til byggingarstjóra Háskólans.

Alþjóðanefnd

Alþjóðanefnd er ráðgefandi nefnd um samskipti deildarinnar við einstaklinga, skóla og stofnanir erlendis. Hún sér um skipulagningu og móttöku erlendra gesta og styrkþega. Hún fylgist með, mótar og viðheldur formlegum samskiptanetum, t.d. Socrates, Erasmus, Leonardo og NordPlus. Að auki sér hún um nemenda- og kennaraskipti innan samskiptaneta við erlenda háskóla.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Uglan

Allir nemendur við Háskóla Íslands þurfa að verða sér út um notendanafn og lykilorð sem veitir þeim aðgang að innra vefsvæði Háskólans Uglunni. Á innra svæðinu geta nemendur fylgst með námsframvindu sinni, haft samband við kennara einstakra námskeiða, nálgast námsgögn, skoðað skilaboð frá kennurum og sent tölvupóst. Upplýsingar um hvernig nemendur geta orðið sér út um netföng er að finna á heimasíðu Háskólans. Nemendur skrá sig inn í Ugluna af heimasíðu Háskólans eða með því að fara á slóðina ugla.hi.is

Skráning stúdenta

Nemendur þurfa að huga vel að árlegri skráningu sem fer fram í mars. Það er mjög mikilvægt fyrir alla skipulagningu og framkvæmd að skráning stúdenta sé rétt. Skráningartölur eru m.a. notaðar við pöntun á námsgögnum, niðurröðun í kennslustofur, skipulagningu verklegs náms og niðurröðun í stofur þegar próf eru haldin. **Skráning í námskeið er jafnframt skráning í próf.**

Í 48. grein reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 segir m.a.:

Ár hvert skulu aðrir en þeir sem nýskrásettir eru til náms láta skrásetja sig í námskeið og greiða þá skrásetningargjald, ella falla þeir út af nemendaskrá og teljast ekki lengur stúdentar við Háskóla Íslands. Stúdentar hafa ekki rétt til þess að sækja fyrirlestra og æfingar eða þreyta próf, nema þeir séu skráðir í hinni árlegu skráningu. Árleg skráning stúdenta fer fram í mars ár hvert, eftir nánari ákvörðun sviðsstjóra kennslusviðs.

Stundaskrár

Fyrstu drög að stundatöflum eru birtar á [stundatöfluvef Hjúkrunarfræðideildar](#) í júní fyrir haustmísseri og í lok nóvember fyrir vormísseri. Þegar mísserið hefst er endanleg útgáfa stundatöflunnar sett á vefinn. Endanlegri stundaskrá má ekki breyta nema í neyð og þá er öllum

nemendum tilkynnt það með tölvupósti. Umsjón með gerð stundaskráa hafa Þóra Þorsteinsdóttir (thorat@hi.is) og Ragnheiður H. Friðriksdóttir (rhf@hi.is), sími 525-4985.

PRÓF

Samkeppnispróf á haustmisseri fyrsta árs

Allt að því 100 nemendur fá rétt til þess að halda áfram námi við Hjúkrunarfræðideild eftir desemberpróf 2011. Einungis þeir sem ná öllum prófunum með lágmarkseinkuninni 5,0 eiga möguleika á því að halda áfram námi til BS prófs við Hjúkrunarfræðideild. Ef fleiri en 100 ná öllum prófunum verða það þeir 100 nemendur sem ná hæstu einkunnunum (miðað við vegið meðtaltal) sem komast áfram.

Ákvörðun um samkeppnispróf á haustönn fyrsta árs og þann fjölda nemenda sem öðlast getur rétt til áframhaldandi náms á vormisseri fyrsta árs er tekin árlega í Hjúkrunarfræðideild í samráði við stefnunefnd Landspítala og með samþykki Háskólaráðs.

Ákvörðun um takmarkaðan fjölda nemenda miðast fyrst og fremst við aðstæður til náms og þá sérstaklega þann fjölda klínískra námsplássna sem heilbrigðisstofnanir geta boðið upp á hverju sinni.

Stefnt er að því að bjóða upp á æfingarpróf fyrir samkeppnispróf um miðja haustönn 2011 sem ekki munu þó gilda til lokaeinkunnar samkeppnisprófa.

Fjöldatakmörkun og réttur til áframhaldandi náms á vormisseri 1. árs skólaárið 2011-2012

Fjöldi þeirra sem öðlast rétt til að halda áfram BS-námi í hjúkrunarfræði á vormisseri 1. árs skólaárið 2011-2012 miðast við 100 nemendur og miðast sá réttur við árangur í þeim námsgreinum sem kenndar voru á haustmisseri

Reglur um val stúdenta til BS náms í hjúkrunarfræði

Fjöldi þeirra stúdenta sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs Hjúkrunarfræðideildar, miðast við reglur um takmörkun á inntöku nemenda í tiltekna námsgreinir við Háskóla Íslands nr. 153/2010. Við val á þessum stúdentum verður beitt eftirfarandi reglum:

Prófað verður í öllum þeim námskeiðum sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Stúdentar verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

Lágmarkseinkunn í námskeiðum á haustmisseri 1. árs er 5,0. Þeim stúdentum sem þreyta samkeppnispróf á haustmisseri 1. námsárs og ná tilskildri lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum er raðað eftir lækkingu heildareinkunn. Hundrað efstu stúdentarnir fá að halda áfram námi á vormisseri 1. námsárs. Ef tveir eða fleiri stúdentar eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.

Prófað verður úr fimm námskeiðum. Vægi þeirra er ákveðið af deildarfundum að fengnum tillögum námsnefndar. Vægi þeirra er sem hér segir: Líffærafræði 20%, Félagsfræði 20%, Lífefnafræði 20%, Sálfræði 20%, Heilbrigðileg forspjallsvísindi 20%. Einkunn fyrir hvert námskeið er gefin með tveimur aukastöfum, frá 0,0-10,0. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi.

Heildareinkunn í numerus clausus fæst með því að leggja saman einkunnir úr einstökum námskeiðum, sem þannig hafa verið vegnar. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun stúdenta hvað varðar áframhaldandi nám.

Sjúkrapróf verða haldin, ef nauðsyn krefur, svo fljótt sem auðið er að loknu aðalprófatímabili í desember. Ekki verður boðið upp á upptökupróf eftir samkeppnisprófin.

Stefnt er að því að einkunnir úr samkeppnisprófi að loknu haustmisseri 1. námsárs Hjúkrunarfræðideildar H.Í. verði birtar fyrir 10. janúar. Að öllu jöfnu er stúdentum ekki veitt námsleyfi á fyrsta námsári

Reglur um framkvæmd prófa á fyrsta misseri í hjúkrunarfræði

Skipa skal prófdómara skv. reglum, sem um þá gilda, fyrir allar prófgreinar samkeppnisprófsins.

Einkunn fyrir hvert próf er gefin með tveimur aukastöfum. Aðaleinkunn er reiknuð út á grunni þessara einkunna og gefin með tveimur aukastöfum. Sú aðaleinkunn er hin opinbera niðurstaða samkeppnisprófa og eftir henni er farið við val nemenda til áframhaldandi náms. Nemendur fá hins vegar í Nemendaskrá Háskóla Íslands skráða einkunn fyrir hverja prófgrein, en sú einkunn er námunduð og því ekki eins nákvæm og aðaleinkunnin.

Engar einkunnir skulu birtar fyrir en einkunnir hafa borist úr öllum prófgreinum samkeppnisprófsins og prófdómarar hafa farið yfir úrlausnir. Þetta jafngildir því að engar einkunnir verði kunngerðar fyrir en fyrir liggur hvaða stúdentar eru í hópi þeirra sem fá rétt til áframhaldandi náms í hjúkrunarfræði skv. numerus clausus hverju sinni.

Að einkunnum kunngerðum fer engin endurskoðun fram á þeim á vegum Hjúkrunarfræðideildar.

Veikist nemandi í desemberprófum ber honum að senda Nemendaskrá læknisvottorð innan þriggja daga frá prófdegi og býðst honum þá að taka sjúkrapróf.

Próftökuréttur

Stúdent öðlast próftökurétt í námskeiði þegar hann hefur staðist verklegt nám og/eða lokið tilskildum verkefnum með þeim árangri sem krafist er hverju sinni. Próftökuréttur í námskeiðum gildir það kennsluár sem hans er aflað, svo og næstu tvö kennsluár þar á eftir.

Hver stúdent hefur tvö tækifæri til að gangast undir próf í námskeiði. Falli nemandi í annað sinn í námskeiði þarf að óska formlega eftir því við deildarráð að gangast undir prófið í þriðja sinn. Ekki er veitt heimild til 3. próftöku á 1. ári. Ekki er veitt heimild til 4. próftöku á öðrum árum.

Skráning í próf

Skráning í námskeið er jafnframt skráning í próf (einu gildir hvort námsmat fer fram með skriflegu, munnlegu eða verklegu prófi, ritgerð o.s.frv.). Stúdent verður að vera skráður í námskeið til að geta þreytt próf. **Sé stúdent skráður í próf, en mætir ekki í það, jafngildir það falli á prófinu.**

Skráningu í próf haustmisseris þarf að vera lokið eigi síðar en við endurskoðun námskeiðaskráningar í lok september ár hvert og í lok janúar vegna vormisseris. Sjá dagsetningar í kennsluskrá í [kennslualmannaki](#) á heimasíðu Háskóla Íslands fyrir hvert skólaár.

Próftafla og tímabil

Samkvæmt reglum nr. 569/2009 eru almenn próf haldin 2. til 18. desember og á tímabilinu 25. apríl til 10. maí eftir nánari ákvörðunum deilda í samráði við prófstjóra.

Sjúkra- og upptökupróf eru haldin í kjölfar almennra próftímabila í desember og maí, á tímabilinu 5. til 15. janúar og í júní, skv. nánari ákvörðun prófstjóra (sjá nánari dagsetningar í kennslualmannaki HÍ) Sjúkrapróf í samkeppnisprófum verða þó haldin fyrir jólaleyfi.

Kennsla og próf eru á vegum deilda. Kennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett um það bindandi ákvæði í lögum eða reglum háskólaráðs. Prófstjóri annast undirbúning og stjórn prófa í samráði við deildir.

Upplýsingar um prófstaði á próftímabilum eru birtar á upplýsingasíðum kennslusviðs á vefsíðu Háskólans.

Í Hjúkrunarfræðideild eru haldin próf utan hefðbundinna próftímabila og eru þau auglýst sérstaklega.

Framkvæmd prófa

Nauðsynlegt er að stúdentar kynni sér staðsetningu prófa tímanlega, því ekki er víst að próf séu haldin í Eirbergi. Prófstaðir eru auglýstir á [prófasíðu Háskóla Íslands](#).

Stúdentar þurfa að hafa stúdentaskírteini eða persónuskilríki með mynd með sér í próf. Sætaskipan í prófinu er auglýst á prófstað. Allar prófúrlausnir í Hjúkrunarfræðideild eru merktar sérstökum nemendanúmerum/prófnúmerum. Við nýskráningu í skólann fær hver stúdent sérstakt nemendanúmer, sem hann notar við próftöku allan námstímann.

Próftaka erlendra nemenda

Skilyrði fyrir inntöku erlendra stúdenta í Hjúkrunarfræðideild er að þeir hafi lokið námskeiði í íslensku fyrir erlenda stúdenta í Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu námi í íslensku. Með hliðsjón af þessu skilyrði hafa eftirfarandi reglur verið settar um próftöku þeirra:

- Prófverkefni eru ekki þýdd á önnur tungumál.
- Nemendur á vormisseri 1. árs og 2. ári í BS-námi mega skila prófúrlausnum á öðrum tungumálum sem kennari hefur samþykkt, nema á 1. misseri. Þetta gildir ekki um nema á haustmisseri 1. árs.
- Á 3. og 4. námsári í BS-námi skal öllum verkefnum og ritgerðum skilað á íslensku.

Veikindi í prófum

Stúdent sem veikist og getur þar af leiðandi ekki þreytt próf, ber að skila læknisvottorði til þjónustuborðs Háskólators innan þriggja daga frá prófdegi. Hið sama gildir ef barn stúdents veikist. Veikist stúdent í prófi ber honum að vekja athygli prófgæslumanns sem skrifar athugasemd um það á prófúrlausn. Skal læknisvottorði dagsettu samdægurs skilað til þjónustuborðs. Á vottorðinu skal koma fram hvenær læknisskoðun fór fram.

Vinsamlegast athugið:

- Sjúkrapróf í námskeiðum á 1. misseri eru haldin svo fljótt sem auðið er, fyrir jólaleyfi.
- EKKI eru haldin sjúkra- og upptökupróf utan skilgreindra próftímabila.
- Ef nemandi segir sig úr námskeiði á kennslutímabili hefur hann ekki rétt á að taka sjúkra- og upptökupróf.
- Sjúkra- og upptökupróf í *Barnahjúkrun og Barneignir og fjölskyldan* á 4. ári eru haldin í maí (bæði fyrir þá sem tóku próf í desember og apríl).

Einkunnir

Einkunnir skulu birtar í síðasta lagi tveimur vikum eftir próf, þó í síðasta lagi þremur vikum eftir hvert próf á próftímabili í desember. Felist námsmat í öðru en skriflegu eða munnlegu prófi, er miðað við skiladag ritgerðar/verkefnis eða þann dag sem námsmat fer fram. Stúdentar hafa aðgang að einkunnum sínum með eftirfarandi hætti:

- Í fyrsta lagi í nemendaskrá gegn framvísun persónuskilríkja.
- Í annan stað í gegnum tölvubúnað Háskólans, UGLUNA, með notkun sérstaks leyniorðs sem hver stúdent fær úthlutað.

Deildarskrifstofa veitir ekki upplýsingar um einkunnir nemenda.

Ein lokaeinkunn er gefin fyrir hvert námskeið (námskeiðsnúmer). Þar sem námskeið er samsett úr fleiri en einum prófbætti (skriflegu prófi, ritgerð, verklegum æfingum o.s.frv.) er einkunn fyrir námskeiðið vegið meðaltal allra prófhluta. **Í sumum námskeiðum í Hjúkrunarfræðideild þarf stúdent að ná lágmarkseinkunn í hverjum prófbætti fyrir sig til að standast námskeiðið og eru nemendur hvattir til að kynna sér vel námsmat hvers námskeiðs sem fram kemur í námskeiðslýsingu.**

Lágmarkseinkunn er ekki sú sama í öllum námskeiðum í deildinni, sjá nánar síðar. Samkvæmt úrskurði Lögskýringanefndar Háskóla Íslands er **kennara með öllu óheimilt að breyta einkunnagjöf sinni** eftir að hún hefur verið birt nema við þær undantekningaraðstæður að yfirferð yfir prófúrlausn leiði í ljós að honum hafi orðið á augljós villa við mat á henni, til dæmis vegna rangrar samlagningar stiga fyrir einstakar spurningar.

Prófsýningar

Stúdent getur óskað eftir því að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar prófúrlausnar sinnar innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Ýmist halda kennarar sérstakar prófsýningar fyrir þá sem óskað hafa eftir slíku eða hitta hvern og einn stúdent samkvæmt samkomulagi. Kennarar ráða hvernig þeir standa að prófsýningu.

Prófdómari og réttur stúdenta til að fá útskýringar

Í prófum á 1. misseri í BS-námi er skipaður prófdómari í hverju prófi til þriggja ára í senn. Í öðrum námskeiðum getur kennari eða stúdent óskað eftir því að prófdómari verði skipaður sbr. 59. grein reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009.

ÝMSAR UPPLÝSINGAR

Brautskráning

Stúdentum sem hyggjast brautskrást ber að hafa skráð sig sérstaklega til brautskráningar í upphafi misseris fyrir áætlaða brautskráningu. Öll gögn, einkunnir, ritgerðarheiti og athugasemdir verða að hafa borist Nemendaskrá í síðasta lagi föstudag þremur vikum fyrir brautskráningardag. Berist gögn eftir þann tíma mun brautskráning viðkomandi stúdents frestast til næstu brautskráningar. Sjá upplýsingar um [brautskráningu á heimasíðu hjúkrunarfræðideildar](#).

Tveimur vikum fyrir áætlaðan brautskráningardag skal vera komin staðfesting frá Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni á að væntanlegir kandidatar séu í skilum við safnið, ella eiga þeir á hættu að þeir verði ekki brautskráðir á þeim degi.

Verklegt nám

Nemendur skulu snúa sér til verkefnisstjóra niðurröðunar í klínískt nám, Þóru Þorsteinsdóttur eða Ragnheiðar H. Friðriksdóttur sem sjá um niðurröðun í klínískt nám með erindi því tengdu - bæði varðandi tímabil og stofnanir. Skrifstofa verkefnastjóra er á 3. hæð í Eirbergi og síminn er 525-4985 og tölvupóstfangið thorat@hi.is og rhf@hi.is.

Þegar nemandi mætir í verklegt nám hefur farið fram mikil vinna við að útvega námspláss og undirbúa verknámstaðina undir komu nemenda. Hjúkrunarfræðingarnir sem taka á móti nemendum fá kynningu á því hvert er þeirra hlutverk sem leiðbeinendur og hvað nemendur eiga að læra í verknáminu, og til þess að nemendur fái góða leiðsögn frá hjúkrunarfræðingi sem er undirbúinn undir komu nema þá þarf verknámið að vera vel skipulagt og þar spila nemendur stórt hlutverk. Fjöldi nema sem fer í verknám á hvaða tímabili og á hvað verknámstaði þarf að vera komið á hreint fljótlega í byrjun annar og það skipulag þarf að standast. Hér fyrir neðan eru talin upp helstu atriði sem nemendur þurfa að standa skil á varðandi verknámið:

- Nemandi sem er skráður í verklegt námskeið í hjúkrunarfræði fær í upphafi annar tölvupóst með spurningalista vegna skipulags á klínísku námi. Það er því mikilvægt að námskeiðsskráning nema sé sem nákvæmust á hverjum tíma.
- Verkefnastjóri mun útvega öllum nemendum sem svara þessum spurningalista verknámspláss á viðeigandi stofnun eða deild. Ekki verður fundið verknámspláss fyrir nemanda nema hann svari spurningalistanum.
- Verkefnastjóri verklegs náms raðar nemendum í verklegt námspláss samkvæmt niðurstöðum spurningalistans og birtir í upphafi annar. Hafi nemandi einhverjar athugasemdir við þá niðurröðun, skal hann senda tölvupóst til verkefnastjóra eigi síðar en 5 dögum eftir að niðurröðun liggur fyrir. Berist engar athugasemdir frá nemanda verður litið svo á að hann muni mæta í verklegt nám á tilsettum tíma.
- Ef nemandi segir sig skyndilega úr klínísku námskeiði eftir að önnin er hafin skal tilkynna það verkefnastjóra með tölvupósti, verknámspláss eru dýrmæt og mikilvægt að þau fari ekki forgörðum.
- Hafi nemandi ekki svarað spurningalista á tilskyldum tíma og þar af leiðandi ekki fengið úthlutað verknámspláss **alls ekki tryggt** að unnt verði að tryggja honum námspláss í námskeiðinu á því misseri. Sömuleiðis ef nemandi mætir ekki í verklegt nám samkvæmt niðurröðun verkefnastjóra er ekki víst að unnt verði að tryggja honum námspláss í námskeiðinu á því misseri. Gæti þá farið svo að nemandinn geti ekki lokið námskeiðinu fyrir en að ári liðnu.
- Veikist nemandi eftir að námskeið hefst eða forfallast af öðrum ástæðum, og fyrirsjáanlegt er að þessi forföll hafi áhrif á mætingu hans í verklegt nám, skal hann tilkynna verkefnastjóra það með tölvupósti svo fljótt sem auðið er. Ef forföll eiga sér stað eftir að verknám er hafið skal tilkynna verknámsdeildunum um þau símlíðis samdægurs og síðan skila veikindavottorði til umsjónakennara innan þriggja virkra daga.
- Miðað er við að verklegar stundir sem skipulagðar eru í hverju námskeiði, auk umræðufunda séu lágmarksviðvera og verður nemandi að mæta í þær til að hann teljist hafa lokið verklegum þætti námskeiðsins. Nemendur eiga ávalt að mæta á réttum tíma og vera út vaktina.

REGLUR HJÚKRUNARFRÆÐIDEILDAR

Almennar reglur

- Réttur stúdenta til að halda áfram námi á vormisseri 1. árs fer eftir árangri í þeim námsgreinum sem kenndar voru á haustmisseri. Miðast sá árangur við að nemendur hljóti að lágmarki 5,0 í einkunn í hverju námskeiði. Hámarkfjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til áframhaldandi náms á vormisseri 2012 miðast við töluna 100.
- Lágmarkseinkunn á öðrum misserum er 5,0 í grunnfögum og 6,0 í hjúkrunarfögum.
- Þreyta má próf tvisvar sinnum í hverju námskeiði.
- Til þess að flytjast milli námsára má nemandi eiga eftir eitt próf hið mesta úr námsefni næsta námsárs á undan og ekki próf frá fyrri námsárum. (Sjá undanþágu frá þessari reglu á bls. 17)
- Nemendur á 1. ári geta að jafnaði ekki haldið áfram á 2. ár með tvífall og þurfa þá að sækja um heimild til endurinnritunar (sjá nánar á bls. 13-14 reglur um endurinnritun).
- Verkefni og klínískt nám sem nemandi hefur lokið með fullnægjandi árangri gildir í tvö ár.
- Hámarksnámstími í hjúkrunarfræði er 6 ár.

Reglur um mat á fyrra námi

Nemendur þurfa að hafa sótt formlega um nám í hjúkrunarfræði til að geta óskað eftir mati á fyrra námi. Umsóknarfrestur um mat á fyrra námi er til 5. júní fyrir nám á komandi haustmisseri og 1. nóvember fyrir nám á komandi vormisseri. Beiðni um mat á fyrra námi skal senda til skrifstofu hjúkrunarfræðideildar, Eirbergi, Eiríksgötu 34, 101 Reykjavík. Niðurstaða skal alla jafna liggja fyrir mánuði síðar.

Til þess að unnt sé að meta fyrra nám þarf að liggja fyrir skrifleg beiðni nemanda um slíkt mat ásamt eftirtöldum gögnum á íslensku eða ensku:

- a) Staðfest afrit af vitnisburði (með einkunn) frá þeim skóla eða skólum þar sem námið sem óskað er eftir að fá metið fór fram.
- b) Ítarleg námskeiðslýsing þess/þeirra námskeiðs/a þar sem eftirfarandi þarf að koma fram:
 - Nafn umsjónarkennara
 - ECTS einingafjöldi
 - Innihaldslýsing á námskeiði/a
 - Yfirlit yfir fyrirlestra
 - Verkefnaþýsing/ar
 - Upplýsingar um námsmat (verkefni/próf)
 - Lesefnislisti/bókalisti

Ef ofantalin gögn liggja ekki fyrir verður umsóknin ekki afgreidd.

- a) Námsmatsnefnd Hjúkrunarfræðideildar hefur umsjón með mati á fyrra námi.
- b) Fyrri nám er metið út frá ákveðnum námskeiðum sem koma til greina. Fyrri námskeið, sem er forsenda matsins, skal að jafnaði samsvara a.m.k. 2/3 hlutum af innihaldi þess námskeiðs sem það á að jafngilda, auk þess sem heildareiningafjöldi þess námskeiðs sem á að meta verður að vera a.m.k. jafn mikill. Matsnefnd getur, eftir því sem ástæða þykir til, sent beiðni um mat á fyrra námi til umsagnar umsjónarkennara þeirra námskeiða sem beðið er um að fyrri nám sé metið á móti.
- c) Námskeið er ekki metið nema nemandi hafi lokið því með einum heilum yfir lágmarkseinkunn.
- d) Að jafnaði eru fyrri námskeið ekki metin á móti námi í Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands ef meira en fimm ár eru liðin síðan þeim var lokið.
- e) Hjúkrunarfræðingar sem lokið hafa hjúkrunarprófi frá Hjúkrunarskóla Íslands eða Nýja hjúkrunarskólanum og hafa hjúkrunarleyfi geta sótt um mat á fyrra námi. Sérreglur gilda um þeirra námsmat.

Reglur um endurinnritun

Stúdent sem ekki hefur staðist námskröfur í Hjúkrunarfræðideild (hefur til dæmis tvífallið í námskeiði og ekki fengið undanþágu til þriðju próftöku) skal bent á eftirfarandi:

- Nemandi á 1. ári sem hefur tvífallið í einhverju námskeiði en hefur lokið öllum öðrum námskeiðum getur sótt um endurinnritun:
 - a) Hann getur haldið áfram námi á 2. ári ef að þau námskeið sem hann hefur lokið eru öll einum heilum yfir lágmarkseinkunn.
 - b) Hann getur ekki haldið áfram námi á 2. ári ef að eitt námskeið eða fleiri eru ekki einum heilum yfir í lágmarkseinkunn.
- Nemendur, sem fallið hafa út úr deildinni geta við endurinnritun óskað eftir mati á fyrri prófum sem eru yngri en fimm ára ef þeir hafa fengið einkunn sem er einum heilum hærrí en lágmarkseinkunn viðkomandi greinar.

- Ef nemandi endurinnritast er honum heimilt að skrá sig í hvaða námskeið sem er á þeim árum sem hann hefur fengið námskeið metin af með fyrirvara um forkröfur.
- Nemendum, sem öðlast hafa rétt til náms á öðru námsmisseri, er heimilt að endurinnritast einu sinni í hjúkrunarfræði. Undanþága í annað sinn er aðeins veitt með hliðsjón af fyrra námsferli.

Samantekt um ákvæði varðandi tvíföll og endurinnritun

**Þreyta má tvisvar sinnum próf í hverju námskeiði.
Eftir fall í 2. sinn er ekki hægt að ljúka námi nema með sérstökum undanþágum
(fjarvistarfall talið með).**

1. ár:	
Tvífall í tveimur námskeiðum	Hefja nám að nýju
Tvífall í einu námskeiði og einu öðru námskeiði ólokið	Hefja nám að nýju
Tvífall í einu námskeiði og öllum öðrum námskeiðum lokið	Endurinnritun
2. ár:	
Tvífall í einu námskeiði og einu öðru námskeiði ólokið	Endurinnritun
Tvífall í einu námskeiði og öllum öðrum námskeiðum lokið	Undanþága til próftöku í 3. sinn.
3. og 4. ár:	
Tvífall í námskeiði	Ein undanþága til próftöku í 3. sinn.

Beiðnir um undanþágur

Allar umsóknir um undanþágur frá gildandi reglum í hjúkrunarfræðideild þurfa að vera skriflegar og senda þær til deildarráðs. Öllum slíkum erindum er svarað skriflega og er mikilvægt að nemendur geymi slík bréf.

- Beiðnir um undanþágur þarf að vera rökstudd.
- Beiðni er skoðuð af deildarráði með hliðsjón af námsferli og tilefni hverju sinni.
- Æski nemandi þess að fá undanþágu til að fara í próf í þriðja sinn verður nákvæm útskýring á ástæðu að fylgja ef meta á undanþágubeiðni. Sama stúdent skal ekki veitt undanþága oftar en tvisvar til að fara í próf í þriðja sinn.
- Undanþágur eru ekki veittar til próftöku í fjórða sinn.

Hámarksnámstími

Samkvæmt 98. gr. reglna nr. 569/2009 skal stúdent í BS námi í hjúkrunarfræði hafa lokið prófi eigi síðar en sex árum eftir skráningu en stúdent í meistaranámi eða kandidatsnámi í ljósmóðurfraeði skal hafa lokið prófi eigi síðar en þremur árum eftir skráningu.

Námsleyfi

Hámarksnámstími við Hjúkrunarfræðideild er sex ár. Stúdent getur óskað eftir að vera skráður í leyfi á námstímanum. Það gerir hann með því að senda beiðni þess efnis til deildarskrifstofu. Sé leyfið veitt, framvísar neminn því í Nemendaskrá um leið og leyfisgjald er greitt.

48. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 segir um námsleyfi að óski stúdent eftir að gera hlé á námi sínu í heilt kennslumisseri eða lengur, skuli hann þá leita heimildar viðkomandi háskóladeildar

og skrá sig árlegri skráningu, meðan á leyfistíma stendur, enda sé gætt ákvæða um tímamörk náms. **Stúdent greiðir hluta skrásetningargjalds á meðan á leyfistíma stendur.** Að öllu jöfnu er stúdentum í Hjúkrunarfræðideild ekki veitt námsleyfi á fyrsta námsári.

Reglur um endurtöku klíníks náms

Eftirfarandi samþykkt var gerð á deildarfundum Hjúkrunarfræðideildar 12. desember 2001:

„Nemandi, sem ekki stenst lágmarkskröfur í klínísku námi, skal endurtaka námstímabilið. Einungis er hægt að endurtaka hvert klínískt námstímabil einu sinni. Tímabilið skal endurtekið á sama starfssviði, en á öðrum starfsvettvangi. Endurtekning á klínísku námstímabili kann að valda seinkun á brautskráningu.“

Reglur um frádrátt varðandi verkefnaskil

- a) Frádráttur frá heildareinkunn verkefni er 0,1 fyrir einn vanskiladag og 0,3 á dag þar eftir í eina viku.
- b) Ekki er tekið á móti verkefnum að liðinni viku frá skilafresti og telst nemandi þá fallinn í námskeiðinu.
- c) Aðeins er hægt er að gera undantekningar frá þessum viðurlögum ef aðstæður nemanda eru það alvarlegar að honum hafi verið ógjörningur að skila verkefni á tilsettum tíma. Nemendur verða undantekningalaust að skila vottorði komi til veikinda.

Reglur um starfsreynslu

Á námstíma er nemendum í Hjúkrunarfræðideild skylt að afla sér 352 stunda starfsreynslu við hjúkrun utan skipulegs námstíma. Starfið skal fela í sér hjúkrunarþjónustu unna undir forsjá hjúkrunarfræðings og nemandi skal hafa lokið a.m.k. 60 ECTS einingum við Hjúkrunarfræðideild áður en starfsreynslan hefst. Stúdent velur af hvaða ári starfsreynsla er metin. Að lokinni starfsreynslu, og eigi síðar en 6 vikum fyrir brautskráningu, skal nemandi senda skrifstofu deildarinnar staðfestingu á því að hann hafi að baki 352 stunda starfsreynslu á þar til gerðu eyðublaði. Staðfestingin skal vera undirrituð af hjúkrunardeildarstjóra á viðkomandi vinnustað. Að jafnaði er miðað við fullt starf í 44 daga. Hafi nemandi ekki aðstæður til að vinna fullt starf, er leyfilegt að meta lengri tíma í hlutastarfi til jafns við það.

Reglur um skyndihjálparnámskeið og endurlífgun

Forkröfur fyrir námskeið í Bráðahjúkrun á 4. námsári er skyndihjálparnámskeið sem er viðurkennt af Rauða krossi Íslands eða Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Til að auðvelda stúdentum að uppfylla þessar forkröfur skipuleggur Hjúkrunarfræðideild einnig námskeið í fyrstuhjálpar/skyndihjálpar á vormisseri 1. námsárs. Námskeiðið er ekki metið til eininga og stúdentar þurfa að greiða fyrir kennslugögn og skírteini sem Rauði krossinn gefur út. Geti stúdent ekki sótt námskeiðið á 1. námsári hefur hann möguleika á að sækja það á vormisseri 2. námsárs. Geti hann heldur ekki sótt námskeiðið þá verður hann að sækja sambærilegt námskeið hjá Rauða krossinum eða Slysavarnafélaginu Landsbjörg á eigin kostnað, áður en hann sest í námskeiðið Bráðahjúkrun á 4. námsári. Auk skyndihjálparnámskeiðs þurfa stúdentar jafnframt að hafa lokið námskeiði í endurlífgun sem haldið er á 3. námsári áður en námskeið í Bráðahjúkrun á 4. námsári hefst.

Reglugerð Hjúkrunarfræðideildar

Nýtt stjórnskipulag Háskóla Íslands tók gildi þann 1. júlí 2008. Með því varð skólanum skipt í fimm fræðasvið og er Hjúkrunarfræðideild nú ein af sex deildum heilbrigðisvísindasviðs. Nýjar reglur fyrir skólann, nr. 569/2009 tóku svo gildi 1. júlí 2009. Í XI kafla þeirra reglna er fjallað um deildir heilbrigðisvísindasviðs. Í 97. og 98. grein er svo sérstaklega gert grein fyrir þeim reglum er gilda um Hjúkrunarfræðideild.

98. gr. Námsframvinda, námsmat, einkunnir og hámarksnáms tími

Til þess að flytjast milli námsára í almennu grunnnámi í hjúkrunarfræði má stúdent eiga eftir eitt próf hið mesta úr námsefni næsta námsárs á undan og ekki próf frá fyrri námsárum. Deildin getur veitt undanþágu frá þessum reglum, ef sérstaklega stendur á.

Deildin ákvarðar námsleiðir og kennslugreinar, skiptingu þeirra í námskeið og vægi þeirra, að fengnum tillögum námsnefnda í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði, og skal það tilgreint í kennsluskrá. Allar breytingar á kennsluskrá skal tilkynna eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Réttur stúdenta í grunnnámi til áframhaldandi náms er miðaður við árangur prófa í lok fyrsta misseris fyrsta námsárs, samkvæmt nánari reglum sem deildin setur og birtar skulu í kennsluskrá.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg, en geta verið munnleg eða verkleg eftir ákvörðun deildar.

Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri, er deildarfundur heimilt, að tillögu kennara, að ákveða, að stúdent teljist ekki hafa staðist próf nema hann hafi í tilteknum prófþáttum náð lágmarkseinkunn námskeiðsins. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

Árangur stúdents í verklegu námi skal metinn af þeim kennara sem kennsluna veitir. Einkunn í verklegu námi reiknast ekki til lokaeinkunnar í námskeiði. Þó er kennara það heimilt með samþykki deildar og skal slík ákvörðun þá tilgreind í kennsluskrá.

Til þess að öðlast B.S-gráðu í hjúkrunarfræði verður stúdent að hafa hlotið eigi lægri einkunn en:

6,0 í hjúkrunarnámskeiðum samkvæmt nánari ákvörðun deildar.

5,0 í öðrum námskeiðum.

Stúdent í námi til BS-prófs í hjúkrunarfræði skal hafa lokið prófi eigi síðar en sex árum eftir skráningu. Stúdent í meistaranámi í deildinni eða kandidateitnámi í ljósmóðurfræði skal hafa lokið prófi eigi síðar en þremur árum eftir skráningu í námið. Deildin getur veitt undanþágu frá þessum tímamörkum ef veikindum eða öðrum gildum ástæðum er til að dreifa.

Ekki er hægt að stunda nám í ljósmóðurfræði sem hlutanám. Lágmarkseinkunn er 6,0 í öllum þáttum námsmats í hverju námskeiði. Hvert námskeið er nauðsynleg undirstaða þess næsta. Deildin setur nánari reglur um námið. Inntökuskilyrði í nám í ljósmóðurfræði er próf í hjúkrunarfræði og íslenskt hjúkrunarleyfi. Hjúkrunarfræðingar sem ekki hafa lokið BS-prófi í hjúkrunarfræði þurfa að ljúka fornámi samkvæmt ákvörðun deildar áður en nám í ljósmóðurfræði getur hafist.

Innritun í ljósmóðurfræði er miðuð við tiltekinn stúdentafjölda á hverju ári, samkvæmt ákvörðun háskólaráðs, að fengnum rökstuddum tillögum fræðasviðs heilbrigðisvísinda fyrir hönd deildar. Verði umsækjendur fleiri en nemur þeim fjölda sem háskólaráð ákvarðar fjallar námsnefnd í ljósmóðurfræði um umsóknirnar og tekur ákvörðun um val stúdenta, samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur, að fengnum tillögum deildar, og birtar skulu í kennsluskrá.

Fræðasvið heilbrigðisvísinda gerir árlega að tillögu deildarinnar, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í hjúkrunarfræði í samæmi við fjölda klínískra námspláss á heilbrigðisstofnunum. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs sem hún tekur til.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í hjúkrunarfræðideild.

**Undanþága frá reglum um námsframvindu við Hjúkrunarfræðideild,
samþykkt á deildarfundi í júní 2011:**

Deildarráð getur veitt nemendum sem vegna barneigna eða langvarandi veikinda hafa ekki öðlast rétt til að fara á milli ára, undanþágu til að taka námskeið næsta árs að því gefnu að meðaleinkunn þeirra sé ekki lægri en 6,5 og að nemandinn hafi ekki fallið oftari en einu sinni á námsferlinum. Forsendur skráningar í námskeið næsta árs eru að öllum forkröfum fyrir viðkomandi námskeið sé lokið. Áður en leyfið er veitt gerir nemandi námssamning með deildarstjóra þar sem tilgreint er hvenær námskeiðum sem eftir eru á fyrra ári verður lokið og þau námskeið sem nemandi er heimilað að skrá sig í á næsta námsári eru tiltekin. Áframhaldandi nám við deildina er háð því að nemandinn standi við þennan námssamning.

Nemendur þurfa að sækja um þessa undanþágu til deildarráðs Hjúkrunarfræðideildar og með undanþáguumsókninni þarf að fylgja undirritaður námssamningur nemandans. Þessar undanþágur gilda ekki um námskeið á fyrsta misseri fyrsta árs (numerus clausus).

RANNSÓKNASTOFNUN Í HJÚKRUNARFRÆÐI

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði (RSH) við Háskóla Íslands og Landspítala Háskólasjúkrahús var formlega stofnuð 7.maí 1997. RSH er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á fræðasviðum hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Aðalviðfangsefni stofnunarinnar er að styðja við og efla rannsóknir kennara hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands og hjúkrunarfræðinga og ljóðmæðra á Landspítala.

Hlutverk stofnunarinnar er að:

- Styðja við og efla rannsóknavirkni kennara við Hjúkrunarfræðideild, m.a. með því að byggja upp tækjabúnað, hugbúnað, gagnabanka og önnur mikilvæg tæki til rannsókna.
- Efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði sem unnið er að við Háskóla Íslands.
- Styðja við kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita hjúkrunar- og ljósmóðurnemum í framhaldsnámi, lausráðum kennurum og ungum vísindamönnum aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa eftir því sem kostur er.
- Stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaaðila á sviði hjúkrunar- og ljósmóðurfræði og sterkum tengslum við heilbrigðisstofnanir, atvinnu og þjóðlíf.
- Sinna þjónustuverkefnum á sviði hjúkrunar- og ljósmóðurfræði.
- Gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum og fyrirlestrum í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði og miðla niðurstöðum rannsókna á þeim fræðasviðum.
- Veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi rannsóknir.

Á Rannsóknastofnun starfa tveir starfsmenn: Guðný Bergþóra Tryggvadóttir sem gegnir stöðu rannsóknarsérfræðings í tölfræði og aðferðarfræði og Margrét Björnsdóttir sem gegnir verkefna- stjórnastöðu yfir daglegum rekstri stofnunarinnar.

Nánari upplýsingar um stofnunina veitir Margrét Björnsdóttir í síma 525-5280 eða á netfanginu margbjo@hi.is

Stofnunin er til húsa á 2. hæð í Eirbergi.
Heimasíða stofnunarinnar er rsh.hi.is

CURATOR, FÉLAG HJÚKRUNARFRÆÐINEMA

Grunnneymar hjúkrunarfræðideildar eiga þess kost að gerast félagsmenn í Curator, félagi hjúkrunarfræðinema. Markmið félagsins eru:

- a) Að gæta hagsmuna nemenda og vera málsvari þeirra innan Háskólans og utan.
- b) Að auka fræðslu og efla kynni meðal nemenda.
- c) Að auka erlend samskipti.
- d) Að stuðla að góðri samvinnu nemenda við aðrar heilbrigðisstéttir.

Nánari upplýsingar um félagið veitir stjórn þess sem kosin er ár hvert. Vefsíða félagsins er curator.is